

Mál nr. 394/2017
M og
vátryggingafélagið V vegna ábyrgðartryggingar X.
Ágreiningur um bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu vegna slyss þann 19. janúar 2016.

Gögn.

1. Málskot móttakið 4. desember 2017 ásamt fylgigögnum.
2. Bréf V dags. 15. desember 2017 ásamt fylgigögnum 1-8.
3. Bréf M dags. 3. janúar 2018.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M starfaði á verkstæði X og að þann 19. janúar 2016 hafi honum verið falið að framkvæma mælingar í vélaolíutönkum við afgreiðslustöð Orkunnar í Klettagörðum. Bensíndælur stöðvarinnar eru undir skýli en nokkrum metrum frá þeim er upphækkun sem nefnist „púlt“. Á þeim stað eru vélaolíutankar sem M átti að framkvæma mælingar á. Eftir að hafa opnað hlera, sem hylur op inn í einn tankanna hafi M runnið í hálfu og fallið á kant lúgunnar sem hlerinn féll að. Við það fékk M högg á vinstri síðuna með þeim afleiðingum að hann slasaðist.

M telur X bera sakarábyrgð á tjóni sínu og vísar til þess að vinnuástandur hafi verið óforsvaranlegar, aðbúnaður ófullnægjandi og að vinnuveitandi hafi vanrækt að tryggja öryggi starfsmanna á vinnustað. Vísar M sérstaklega til þess að ekki hafi farið fram áhættumat fyrir þennan þátt starfseminnar, engar hálkuvarnir hafi verið á umræddum stað auk þess sem M hafi ekki haft aðgang að viðeigandi persónuhlífum þegar hann vann umrætt verk, þ.e. mannbrodda. Þessu til stuðnings vísar M til umsagnar frá Vinnueftirlitinu þar sem segir „Starfsmaðurinn var ekki útbúinn til þess að framkvæma þessa vinnu með tilliti til þessarar hálfu sem myndaðist vegna mikillar ísingar.“.

V vísar til þess að M hafi áratuga starfsreynslu hjá X og að honum líkt og öðrum starfsmönnum í sambærilegum störfum hafi verið skaffaðir mannbroddar, sem gert væri ráð fyrir að þeir hefðu um borð í bifreiðum sínum. Þá vísar V til þess að sú hætta sem almennt getur hlotist af hálfu verði að teljast augljós og notkun mannbrodda einföld. Því hafi ekki þurft að fræða M sérstaklega um það. Einnig kemur fram í gögnum frá V að um ekki hafi verið unnt að grípa til sérstakra ráðstafanna við hálkuvarnir í umrætt sinn, þar sem hálfkan hafi myndast nokkuð skyndilega og að hún hafi verið illsjáanleg.

Álit.

Í gögnum málsins kemur fram að X datt í hálfu á svokölluðu „púlti“, sem er innan lóðar X, en utan alfaraleiðar. Af framburði M og öðrum gögnum málsins verður einnig að teljast líklegt að hálfkan sem myndaðist hafi verið illsjáanleg. Að teknu tilliti til framangreinds er ljóst að X hafði engar forsendur til þess að bregðast við hálfu á umræddum stað. Þá verður það ekki metið X til sakar að ekki hafi farið fram áhættumat um umræddan verkþátt, þar sem um er að ræða frekar einfalt og hefðbundið verk. Þá verður að fallast á það með V að sú hætta sem almennt getur hlotist af hálfu verði að teljast augljós og að almennt verði að gera ráð fyrir því að starfsmenn geti sjálfir metið hvenær þörf er á notkun mannbrodda.

M hefur ekki sýnt fram á að stjórnendur X eða aðrir sem X ber ábyrgð á hafi vanrækt að fara að lögum nr. 46/1980 eða gerst sekir um brot sem leiddu til þess að M slasaðist. Miðað við það sem fyrir liggur í málinu verður slys M því rakið til óhappatilviks en ekki vanbúnaðar eða þess að öryggismálum hafi verið ábótavant. M á því ekki rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík 23. janúar 2018

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr.

Jón Magnússon hrl.